Í húsi mínu Laufásveg 57. búa þau B. Óli Pálsson og kona hans Anna Tómasdóttir; eiga þau dreng einn, er Tómas Grétar heitir, f. 11. febr. 1935. Þau búa í kjallara hússins.

Drengurinn, sem nú er ~~4~~ 2. ára, sækist mjög eftir því að komast upp á loftið og í íbúð okkar hjónanna, einkum til þess að vera með Guðnýju Torfadóttur, uppeldisdóttur okkar, sem nú er 22. ára að aldri, svo og tveggja katta, er við eigum. Kallar drengurinn annan þeirra „Daddó minn", er það sama sem „Svartur minn", enda er þetta hrafnsvartur köttur, 10 ára að aldri og vegur 11 pund, framúrskarandi vitur skepna og góðlynd.

Upp á loftið eru 12 stig að ganga og við aðra hlið stigans er gangur inn í þvottahúsið.

Nú var það um síðasta nýjársleyti, að Grétar litli reyndi „að stelast" upp á loftið, en móðir hans, sem var að þvo í þvottahúsganginum bannaði honum það, en sagði, að að hann mætti sitja á neðsta þrepinu í stiganum. Drengurinn sat þar, og kallar til mömmu sinnar, sem ekki sá til hans vegna veggjarins, sem er á milli stigans og gangsins: „Mamma! dída! (= sitja) til þess að láta hana vita, að hann sæti í stiganum og hún mætti vera örugg um að hann væri á sínum stað, en um leið og hann kallaði: „Mamma! dída!" færði hann

sig um set í hvert skifti í stiganum uns hann var kominn alla leið uppá loft.
M.ö.o.: Um leið og hann flutti sig um hvert stig, 12 að tölu, kallaði hann til móður sinnar: „Mamma! Dída!"

— — —

Einhverju sinni um líkt leyti og þetta varð og drengurinn var enn á 2. ári, fór móðir hans með hann í hús eitt til kunningja sinna. Spurði þá einhver hann þessarar spurningar: „Hvaða fólk býr uppá loftinu hjá þér, Grétar minn?"
„Daddó minn og Nón!" svaraði drengur, en það átti að vera: „Svartur minn og Jón!"

— — —

Þetta var nú „heimilisfólkið" á bænum þeim og „sambýlismenn" hans.
En svo er annar köttur þar stálblár að lit, og kallar Grétar hann „Gídi minn!" þ.e. „Kisi minn!" Frámunalega fjörugur og fallegur kisi, en nokkuð harðleikinn, enda ekki eldri en 8 mánaða.
Svo vænt þykir Grétari um þessi fögru dýr bæði, að hann leggst niður að þeim einn og vefur þeim

smábörn – eins og hann veit að hann er sjálfur – strýkur þeim og kyssir þá svo notalega, að kossinn kemur aldrei að fullu gagni, nema hann komi beint á trýnið á þeim, og eru þeir báðir jafnan svo spakir, að þeir hreyfa sig ekki, hvernig sem hann veltir þeim fyrir sér eða leggst ofan á þá og aldrei flýja þeir undan honum. En þeim sjálfum svo vel til hans, að þeir sækjast engu síður eftir því að hann nái til þeirra, en þeir til hans.

Þeir skilja svo vel, er Grétar kemur upp í eldhúsið eða þangað sem þeir liggja annarstaðar í húsinu, þegar hann kallar digrum rómi:

„Daddó minn"! eða „Gídi minn!"

Þeir eru sannir vinir, sem skilja hvorir aðra og fallegir eru þeir allir, hvar sem þeir eru saman að leikjum.

Sá er munurinn á þessum indælu dýrum, að „Daddó" er úti allar nætur, hvernig sem veðrið er, en „Gídi" kemur aldrei út fyrir hússins dyr, þótt gott sé veðrið. „Daddó" er hógværðin sjálf og meinleysið, en „Gídi" harðleikinn og fjörugur fantur, – nema við Grétar litla. – Vitanlega er „fantaskapur" hans, aðeins leikur, og þótt við höfum átt fjölda katta, svo marga að tölu verður eigi á komið, höfum við aldrei átt jafnfjörugan kött og hneigðan til leikja, sem „Gídi"

— 16. febr. 1937. [illegible]

smá vit

Það var 7. mars 1937, að Grétar litli fékk grænan og fallega blússu að gjöf, og var sýnilega vasi á henni, vinstra megin og snýtuklútur hans í vasanum, með sama lit og blússan og notaði hann klútinn strax til þess að snýta sér og þurrka sér um munninn.

Svona stássbúinn hafði hann aldrei verið og var nú þörf á að kunngera þennan viðburð sem víðast; varð því sýnilega nauðsynlegt að sýna sig á heimili þeirra „Daddó" og „Dóra minn". Varð ég fyrst að sýna honum hvers virði þessi búningur var, og einkum klútnum, sem ég varð að nota eins og hann lagði fyrir mig: þurrka mér um munninn með honum og snýta mér; en ekki nóg með það: Hann varð að leita „Daddó minn" uppi, og fann hann loks liggja í bóli sínu (í svörtu gæruskinni sínu) frammi í eldhúsinu, en þegar Grétar sá, að „Daddó minn" varð ekki neitt hrifinn af búningi hans né klútnum, greip hann köttinn og nuddaði klútnum um nasir hans og snýtti honum rækilega! Lítið mun „Daddó minn" hafa orðið hrifinn af þessari hreingerningu, en eins og vant var fékkst hann lítt um þetta og lét Grétar, vin sinn, alveg sjálfráðan um alla meðferðina á sér.

Reykjavík 7. mars 1937

[signature]

séra Árni Sigurðsson Fríkirkjuprestur í Reykjavík var kallaður í skyndi kl. 10½ að kvöldi hins 18. dags marz-mánaðar til þess, að skíra stúlkubarn þeirra Kristins Vilhjálmssonar og Guðbjargar Torfadóttur, fósturdóttur okkar hjóna.
Barnið hafði fæðst 10. febrúar s.á. (1942), en var nú svo veikt, að því var ekki hugað líf og vildu allir aðstandendur láta það hljóta skírn áður en það dæi.
Nafn barnsins var ákveðið að vera skyldi hið sama sem konu minnar, Anna Sigríður. Að skírninni lokinni brá svo við, að barninu tók að batna án þess að neins læknis væri vitjað eða neinum meðölum notuð. Því fór dagbatnandi og hefir haft góða heilsu síðan; það er indælt barn, skynsamt vel og athugult um marga hluti. Nú er það 3¼ árs að aldri.
Í gær, 31. maí kom séra Árni Sigurðsson heim á heimili okkar og var Önnu Siggu (en svo er hún nefnd) bent á, að „heilsa uppá prestinn". Hún er að vísu ekki framagjörn og hlédræg við ókunnuga. Þegar presturinn kom, var Anna Sigga stödd uppi á herbergi sínu og þar var hún þegar henni var bent á hvað hún skyldi gera: Fara niður í stofu og heilsa prestinum.
Þegar hún var komin niður í miðjan stigann, stanzar hún við, hugsar sig um eitt augnablik, og segir síðan: „Presturinn? — Ég sá hann þá að eins við ofninn, því ég gleymdi honum!"

Spurði ég hana þá: „Hverju gleymdirðu?"

„Krossinum!" — Hún átti silfurkross, sem henni hafði verið gefinn — „hann er í kommóðuskúffunni hennar mömmu!"

í mínum"

„Hvað ætlarðu að gera við hann, góða mín?" spurði ég.

„Ég ætla að hafa hann um hálsinn, þegar ég kem niður til að heilsa prestinum!"

Náði hún svo í krossinn, hengdi hann framan á brjóst sér og þóttist þá örugg um, að nú væri hún búin til þess, að koma fram fyrir prestinn og að nú gæti hún heilsað honum á viðeigandi hátt: Sýnt honum táknið, það, er honum hlyti að bera mesta lotningu fyrir og honum þætti mesta gersemin, er hún átti og gæti sýnt honum!

— · —

Þess hefir aldrei áður orðið vart, að Anna Sigga léti ánægju sjá „gullin" sín, en þetta gull vildi hún sýna þessum manni; það átti best við. —

Þykir þetta bera vott um óvenjulega athugunargáfu barns á hennar aldri.

Reykjavík, 1. júní 1945.

[signature]